

Fundargerð

Stjórnarfundur FÍSOS haldinn í Þjóðminjasafninu 26. ágúst 2010 kl. 16.00. Mætt voru Guðný Dóra Gestsdóttir, Helga Vollertsen, Jón Allansson og AlmaDís Kristinsdóttir auk Elfu Hlínar Pétursdóttur í síma, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Umsóknir í FÍSOS – félagatal

Eftirfarandi aðilar hafa sótt um aðild að FÍSOS og eru þau öll boðin velkomin í félagið:

- a. Anna Hinriksdóttir, kt. 090665-3409 (*hagnýt menningarmiðlun*)
- b. Auður Sigurðardóttir, kt. 080845-3839 (*skjalastjóri þjms*)
- c. Elínborg Baldursdóttir, kt. 280950-3359 (*þjms*)
- d. Georg Friðriksson, kt. 291069-5339 (*Náttúruminjasafn Íslands*)
- e. Rósa Margrét Húnadóttir, kt. 291082-4599 (*Síldarminjasafnið*)
- f. Ólína Gunnlaugsdóttir, kt. 250862-?? (*gamla félagsheimilið á Arnarstapa*)
- g. Jóhanna Kristjánsdóttir, kt. 110341-2619 (*form. stjórnar Minjasjóðs Öfundarfjarðar*)
- h. Ingibjörg Áskelsdóttir, kt. 220275-5829 (*mastersnemi í safnafræði*)

3. Vefur FÍSOS www.safnmenn.is

Nýr vefur er loksins kominn í loftið, hann þarf þó einhverra leiðréttinga við og verður það gert á næstu dögum. 1984 hefur tekið við hýsingu vefsins og póstlistans.

4. Vistun gagna frá FÍSOS

Elfa mun kanna hvort hægt sé að vista gögn á vefnum á lokuðu svæði. Auk þess verður mappa með útprentuðum gögnum geymd á góðum stað. Guðný Dóra mun ræða við starfandi framkvæmdastjóra Safnaráðs um hvort að mappan gæti verið á skrifstofu ráðsins.

5. Sögunefnd um FÍSOS og farskólann

Helga mun senda skorarformönnum í safnafræði, hagnýtri menningarmiðlun og sagnfræði erindi sem greinir frá hugmyndum um ritun sögu félagsins og óska eftir því að þeim verði komið á framfæri við nemendur.

6. Farskólinn 2010

Jón kynnti drög að dagskrá farskólans og helstu verkefni farskólaneftar framundan. Fundarmenn ræddu málin vítt og breitt og komu með ýmsar ábendingar.

7. Aðalfundur FÍSOS í Stykkishólmi

Aðalfundur verður haldinn á farskólanum föstudaginn 1. október kl. 10. Stjórn vinnur áfram að undirbúningi hans.

8. Safnabók 2010

Bókin kom út núna í lok sumars. Vinna við hana var tímafrek og þrátt fyrir vissa annmarka á þessari fyrstu útgáfu þá lýsir stjórn FÍSOS yfir ánægju sinni með útgáfu

hennar og mun leggja til við aðalfund að félagið komi áfram að útgáfu hennar á svipaðan hátt og var nú.

9. Útgáfumál og umræður um þau sem átt hafa sér stað að undanfögnu og lagt til að stjórn FÍSOS tæki þau mál til skoðunar.

Kostnaður stendur í vegi fyrir að FÍSOS komi sjálfst að útgáfu en hins vegar eru nokkur tímarit kjörinn vettvangur fyrir greinar tengdar safnamálum s.s. Ritið, Sagan, TMM og Nordisk Museology. Stjórn leggur til að félagsmenn nýti sér þann vettvang. Annað er að félagið geti komið að því að hafa yfirlit um þær greinar sem skrifaðar eru og mætti birta það á heimasíðu félagsins.

10. Hin íslensku safnaverðlaun 2010

Nýlistasafn Íslands hlaut verðlaunin að þessu sinni en auk þess voru tilnefnd Byggðasafn Skagafjarðar og Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. Rætt um verklag við tilnefningar og val á verðlaunahafa og hugsanlegar breytingar á þeim.

11. Kynning á safnastarfi fyrir sveitarstjórnarfólki.

Stefnt að því að dreifa Safnabókinni ásamt bréfi á landsþingi Sambandi íslenskra sveitarfélaga næsta haust. Elfa mun gera drög að bréfinu.

12. Önnur mál.

- a. AlmaDís afhendir Jóni aðgangskort að pósthólfi félagsins við mikinn fögnuð annarra stjórnarmanna.
- b. Helga skýrði frá ferð sinni á ráðstefnu Norræna safnmannasambandsins í Færeyjum í júní sl. Lýsti ánægju sinni með fundinn og ferðina í heild. Helga mun skýra frá ferð sinni á næsta aðalfundi FÍSOS.
- c. Næsti fundur haldinn föstudaginn 10. september kl. 14.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17.40

AlmaDís Kristinsdóttir (sign)
Guðný Dóra Gestsdóttir (sign)
Helga Vollertsen (sign)
Jón Allansson (sign)
Elfa Hlín Pétursdóttir (sign)